

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

84.fundur. haldinn í Húsinu. Staðarbergi 6. Þriðjudaginn 28.apríl 2015. Kl 20:00.

**Fundinn sátu:** Lára Rós Friðriksdóttir, Eva Rut Reynisdóttir, Ína Kathinka Grönvöld Steindórsdóttir.

**Afboðuðu:** Veiga Dís Hansdóttir, Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Bjarki Steinar Viðarsson, Tinna Sigurðardóttir, Sveinn Ísak Kristinsson

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir Starfsmaður ungmennaráðs.

### **1.Fundarstjóri**

Samþykkt að Ína Kathinka Grönvöld Steindórsdóttir stýri næsta fundi sem verður 12. maí 2015

### **2.Fundartími**

Ákveðið var að næsti fundur yrði haldin þann 12. maí klukkan 20:00

### **3. Hinseiginfræðsla**

Ungmennaráð fangar þeirri umræðu sem skapast hefur í kjölfar ákvörðunar bæjarstjórnar um hinseign fræðslu í grunnskólum. En þykjir jafnframt áhyggjuefni hversu miklir fordómar og haturs orðræða virðist enn vera í kringum hinseigin mál hér á landi.

### **4.Úrvinnsla hugmynda af ungmennáþingi**

Byrjað var að vinna með þær hugmyndir sem komu fram á ungmennáþingi sem haldið var í upphafi apríl í Lækjarskóla.

### **5. Fræðsla nemenda hvað skal gera vegna óánægju með starfsmenn.**

Ráðinu hafa borist ábendingar sem og hafa fundið sjálfir að erfitt getur verið fyrir grunnskólanema að átta sig hvert eigi að leita í málum er varða starfsmenn skóla.

Þar má t.d nefna Óánægju með starfsmann, einelti að hálfu starfsmanns, fordómafull ummæli að hálfu starfsmanns eða þegar námsráðgjafar og aðrir sem bundnir eru trúnaði brjóta þann trúnað.

Erfitt getur verið fyrir nemendur að standa á sínu í slíkum málum og enn erfiðara þegar þeir vita ekki hvað sé rétt að gera þegar slíkar aðstæður koma upp.

Fleira var ekki gert

fundu slitið 21:42.

